

Sp.

271. Tillaga

til þingsályktunar um gæzlu veiðarfæra í Faxaflóa.

Flm.: Ólafur Thors, Páll Þorbjörnsson, Pétur Ottesen, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta varðskip hafast við að staðaldri í Faxaflóa á tímabilinu frá 15. janúar til 15. maí ár hvert, til þess að gæta veiðarfæra fiskimanna.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu voru staddir á almennum kjósendafundi í Gerðum síðastl. sunnudag. Á þeim fundi var einum rómi samþykkt að fela okkur að bera fram á Alþingi slíka tillögu, og voru færð sterk rök fyrir mikilli nauðsyn á slíku eftirliti. Frummælandi þessa máls lagði fram á fundinum skriflega greinargerð fyrir málinu, og er nokkur hluti hennar prentaður á þingskjali 247. Ber greinargerðin með sér, að auk hinnar miklu þarfar á eftirliti með veiðarfærum er og rík þörf á því, að varðskip sé stöðugt á þessum slóðum yfir vertíðina, til þess að veita aðstoð öllum þeim bátafjölda, er veiðar stunda í Faxaflóa á þeim tíma ársins, og hafa samskonar áskoranir borizt frá útvegsmönnum og sjómönnum bæði á Akranesi og í Keflavík.

Á þessum fundi var einnig staddur Gísli Guðmundsson alþm. Hann hefir nú flutt þingsályktunartillögu um aðstoð við fiskibáta og eftirlit með veiðarfærum, á þskj. 247. Sú tillaga er svo almennt orðuð, að við flm. þessarar tillögu teljum, að einu gildi, hvort hún verður samþykkt eða ekki, vegna þess að gera verður ráð fyrir, að ríkisstjórnin muni alveg án aðhalds Alþingis gera það, sem hún telur „hægt“, til þess að hafa eftirlit „á þeim stöðum við landið, þar sem slík aðstoð og eftirlit er talið nauðsynlegt“. Slíkt gerir sérhver ríkisstjórn á öllum tímum. Hitt er svo aðalatriðið, að við flm. viljum með flutningi tillögu okkar, að Alþingi kveði upp úr um, hverja þörf það telur brýnasta, þannig að verði hún samþykkt, sé fengin full trygging fyrir því, að þessi ákveðna þörf verði leyst.